



# Jafnlaunastefna Faxaflóahafna

Faxaflóahafnir SF



# Jafnlaunastefna Faxaflóahafna

Hafnarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunastefnu Faxaflóahafna. Mannauðsstjóri tryggir framgang stefnunnar.

## Tilgangur og umfang

Tilgangur jafnlaunastefnu Faxaflóahafna er að tryggja að félagið standist lög varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, stefnan tekur til allrar starfsemi Faxaflóahafna.

## Stefna

Allt starfsfólk Faxaflóahafna skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Ráðningar, laun og önnur umbun byggji ekki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðana eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

## Markmið

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og viðhalda vottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru rýnd og uppfærð ef þörf er á.
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti árlega þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman til að tryggja að ómálefnalegur launamunur sé ekki til staðar. Helstu niðurstöður skulu kynntar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun og vinna að stöðugum umbótum með eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítinu við lög.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og tryggja að jafnlaunastefna sé aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna.

### **Annað**

Fylgja skal verklagsreglum þegar nýr starfsmaður er ráðinn og taka mið að þeim kröfum sem starfið gerir með tillit til ábyrgðar, álags og sérhæfni.

Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 24. júní 2022.